

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004 þriðjudaginn 18. maí 2004, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 25. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Steinunn Benediksdóttir, Dvergagili 38, 603 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri, á lóð nr. E01 Höfðabyggð á skipulögðu sumarhúsvæði úr landi Lundar, Þingeyjarsveit. Meðfylgjandi er teikning nr. A1, dagssett 21.04.2004, frá Opus teikni & verkfræðistofu.
Samþykkt.
2. Aðalbjörg Þórólfsdóttir, Flötusíðu 5, 603 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri, á lóð nr. C15 Höfðabyggð á skipulögðu sumarhúsvæði úr landi Lundar, Þingeyjarsveit. Meðfylgjandi teikningar eru frá H.S.Á Teiknistofu, verk nr. 03-1211. Frágangur við eldstæði og reyrör skal vera samkvæmt reglugerð og setja skal upp handslökkvitæki af viðurkenndri gerð.
Erindi samþykkt.
3. Örn Jóhannsson, Búðasíðu 5, 603 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja geymslu og sánahús úr timbri, einnig að setja niður setlaug, við sumarhús á lóð nr. B01 Höfðabyggð á skipulögðu sumarhúsvæði úr landi Lundar, Þingeyjarsveit. Meðfylgjandi eru teikningar nr. A1 og A2, dagssettar 23.04.2004, frá Opus teikni & verkfræðistofu. Setlaug skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla öryggisreglur sem gilda um setlaugar.
Erindi samþykkt.
4. Eyþór Gunnþórsson, Huldugili 11, 603 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri og setja niður setlaug, á lóð nr. E13 Höfðabyggð á skipulögðu sumarhúsvæði úr landi Lundar, Þingeyjarsveit. Meðfylgjandi er teikning nr. A1, dagssett 22.04.2004, frá Opus teikni & verkfræðistofu. Byggingarnefnd bendir á að stærð húss, 106,9m², fara yfir stærðarmörk deiliskipulags sem er 100m². Setlaug skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla öryggisreglur sem gilda um setlaugar.
Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
5. Tekið fyrir erindi, sem frestað var á fundi 20.04.2004, frá Grýtubakkahrepp sem sækir um leyfi fyrir byggingu á aðstöðuhúsi við sundlaug og íþróttahús við Grenivíkurskóla samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistofu dags. 17.04.2004. Móttekna lagfærðar teikningar þann 18.05.2004. með sömu dagssetningu og áður. Borist hefur umsögn frá heilbrigðis-, vinnueftirliti og slökkviliðsstjóra, ásamt umsagnarskýrslu frá Brunamálastofnun. Byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar teikningar, en fer framm á að brunavarnaruppdrættir fyrir Grenivíkurskóla í heild sinni verði uppfærðir í samráði við slökkviliðsstjóra og staðfestir af Brunamálastofnun.
6. Hreinn Skúli Erhardsson, Túngötu 7a, 610 Grenivík, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr steinsteypu á lóð nr. 11 við Lækjarvelli, Grenivík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni & verkfræðistofu, verk nr. 040404. Umsókn fylgir staðfesting sveitastjórnar um úthlutun lóðar, ásamt niðurstöða grendarkynningar.
Erindi samþykkt.

7. Sveinlaug Friðriksdóttir, Melgötu 12, 610 Grenivík, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri á lóð nr. 14 við Lækjarvelli, Grenivík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni & verkfræðistofu, verk nr. 040103. Einnig er óskað eftir að innrétta til bráðabirgða hársnyrtistofu í bílgeymslu.
Umsókn fylgir staðfesting sveitastjórnar um úthlutun lóðar, ásamt niðurstöða grendarkynningar.
Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
8. Jónas Baldursson, Grýtubakka I Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi til að setja niður setlaug ásamt yfirbyggingu úr timbri og gleri, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. Teiknistofu verk nr. 04-201.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði uppfylltar öryggisreglur sem gilda um setlaugar.
9. Sigfús Ó. Jónsson, Seljahlíð 13b, 603 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja 15m² gestahús úr timbri við sumarhús sitt á lóð úr lögbýlinu Gilsá I, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru teikningar frá ABS teiknistofu.
Erindi samþykkt.
10. Arnar Árnason, Hranastöðum, Eyjafjarðarsveit, sækir um að breyta fjósi og hluta hlöðu í legubásafjós, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum eftir Tómas B. Böðvarsson.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um athugasemdir frá eldvarnareftirliti.
11. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Arnarsíðu 4a, 603 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr steinsteypu á lóð nr. 5 við Skógartröð, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni&verkfræðistofu, verk nr. 040205.
Umsókn fylgir staðfesting sveitastjórnar um úthlutun lóðar.
Erindi samþykkt.
12. Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja 15m² aðstöðuhús úr timbri, í tengslum við skógræktarland í landi Dagverðareyrar.
Meðfylgjandi eru teikningar frá ABS teiknistofu.
Erindi samþykkt.
13. Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja fjós úr límtré og Yleiningum á steinsteyptu haughúsi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Byggingarþjónustu Bændasamtakanna, verk nr. 0845-10, teikningar dagssettar 12.05.2004 og 14.05.2004. Umsókn fylgir staðfesting sveitarstjórnar Hörgárbyggðar um byggingarreit.
Erindi samþykkt.
14. Valur Daníelsson og Herdís Pálsdóttir, Fornhaga, Hörgárbyggð, sækja um leyfi til að breyta eignarmörkum tvíbýlishússins að Fornhaga, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðistofu Norðurlands, dagssettar mars 2004.
Byggingarnefnd samþykkir erindið, en bendir á athugasemdir eldvarnareftirlits um að eigendum er skylt að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar við viðhald og breytingar á húsinu hvað eldvarnir varðar. Hvorri eign skal fylgja 6m² séreignargeymsla.
15. Tekið fyrir erindi frá Aðalheiði Eysteinsdóttur, Helgamagrastræti 48 Akureyri, sem frestað var á fundi 20.04.2004, sem sækir um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingum á félagsheimilinu Freyjulundi, í íbúð og vinnustofur samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Loga Má Einarsson dags. 12.04.04. Móttekin hafa verið leiðrétt gögn ásamt umsögn heilbrigðis- og vinnueftirlits.
Erindi samþykkt.

16. Flugmálastjórn, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja vélageymslu úr steinsteypu, stáli og áli, við Flugvöllinn í Grímsey. Vélageymsla kemur í stað eldri geymslu sem stendur á óheppilegum stað og er úr sér gengin og er jafnframt óskað eftir leyfi til að rífa þessa geymslu. Meðfylgjandi eru teikningar frá Verkfræðistofu Norðurlands, dagssettar 10. maí 2004.
Erindi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30

Hreiðar Hreiðarsson
Sigurður Skúlason
Hermann G. Jónsson
Þróstur Sigurðsson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson